



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

LANDBÚNAÐARSTOFNUN

LEIGUHÚSNÆÐI
AUSTURVEGI 64, SELFOSSI

SKILAGREIN



NÓVEMBER 2006

EFNISYFIRLIT

1	UPPHAF VERKEFNIS.....	3
2	HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3	TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4	LEIGUSAMNINGUR	3
5	SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA.....	3
6	HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7	BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8	VERKLOK.....	4


1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), frá Landbúnaðarstofnun, í byrjun október 2005, með ósk um að gerð yrði húsrýmisáætlun og húslýsing fyrir væntanlegt leiguhúsnæði, sem samkvæmt ákvörðun Alþingis ætti að vera staðsett á Selfossi.

2 HÚSLÝSING/ HÚSRÝMISÁÆTLUN

Fyrstu drög að húslýsingu og húsrýmisáætlun voru send til Landbúnaðarstofnunar til yfirlestrar 6. október 2005 og um mánaðarmót október-nóvember 2005 lá fyrir texti að endanlegri lýsingu og áætlun.

Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá FSR annaðist gerð áætlunar og lýsingar, en Jón H. Ásbjörnsson verkefnastjóri hjá FSR sá um verkefnið eftir það.



3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Ríkiskaup auglýstu eftir tilboðum í leiguhúsnæði fyrir stofnunina, 8. nóvember 2005 og var tilboðum skilað 21. sama mánaðar. Alls voru boðin fram 7 húsnæði frá 6 bjóðendum.

Framkvæmdasýsla ríkisins yfirfór tilboðin, ásamt Landbúnaðarstofnun og 30. desember 2005 tóku Ríkiskaup tilboði Merkilands ehf., sem bauð fram væntanlegt húsnæði að Austurvegi 64, Selfossi.

4 LEIGUSAMNINGUR

Landbúnaðarstofnun, FSR og Merkiland ehf. önnuðust gerð leigusamnings, undir umsjón fjármálaráðuneytisins.



Leigusamningur var undirritaður 5. apríl 2006, um leigu til 20 ára á 1228 fermetra húsnæði að Austurvegi 64, Selfossi.

Afhending húsnæðis skyldi fara fram um miðjan september 2006.


5 SAMSKIPTI Á HÖNNUNAR- OG BYGGINGARTÍMA

Þar sem húsnæðið var að mestu óbyggt, þegar leigutilboði var tekið, tilnefndu leigutaki og leigusali tengiliði til að annast samskipti milli aðila, þar til húsnæðið yrði afhent.

Leigutaki tilnefndi Jón H. Ásbjörnsson verkefnastjóra hjá FSR og leigusali tilnefndi Birgi Guðmundsson framkvæmdastjóra Merkilands ehf.

Haldnir voru 8 hönnunarfundir á tímabilinu 10. janúar til 17. maí 2006.





Haldnir voru 7 verkstöðufundir á tímabilinu 26. maí til 18. september 2006 og framkvæmdir voru 4 formlegar úttektir á tímabilinu 22. september til 23. október 2006.



6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Eftirfarandi aðilar önnuðust hönnun hússins:

Arkitektar: ERUM – arkitektar ehf.

Lóðarhönnun: Landhönnun ehf.

Burðarþol og lagnir: Verkfræðistofa Suðurlands ehf.

Loftræsing: Nýja teiknistofan ehf.

Raflagnir: RST verkfræðistofa ehf.

Eftirlit með byggingu hússins, fyrir hönd Merki-lands ehf., annaðist VST á Selfossi. Eftirlitsmenn voru Ari Guðmundsson og Jóhann K. Hjálmarsson

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Framkvæmdir við byggingu hússins hófust í byrjun mars 2006, en áður hafði verið grafið, fyllt í grunn, steypfir sökklar og hluti 1. hæðar að minna húsi á lóðinni. Unnt var að nýta þessar framkvæmdir að hluta.

Aðalverktaki við byggingu hússins var Smíðandi ehf., um hurða- og innréttingasmíði sá Selós ehf og Ræktunarsamband Flóa og Skeiða annaðist lóðargerð.

8 VERKLOK

Landbúnaðarstofnun flutti í húsið 29.–30. september 2006 og formleg afhending og vígsla fór fram 26. október 2006. Nákvæmlega eitt ár leið frá því farið var að huga að verkefninu, þar til því var lokið. Enginn kostnaður, sem ekki er innifalinn í leigugreiðslum, féll til við verkið.

Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri